

Norðfirðingur

FRÉTTABRÉF NORÐFIRÐINGAFÉLAGSINS

2. árgangur 1978 5. tölublað

AÐALFUNDUR - AFMELISHÁTIÐ

Norðfirðingafélagsins verður
haldin í Átthagasal Hótel Sögu
sunnudaginn 26. nóvember, og
hefst kl. 20:30. Auk venjulegra
aðalfundarstarfa verður ýmislegt
til skemmtunar.

Viðtakandi: *A*

AÐALFUNDUR - AFMÆLISFAGNAÐUR

Hinn 20. nóvember varð Norðfirðingafélagið 10 ára. Þess vegna höldum við sameiginlega aðalfund og afmælisfagnað. Að venjulegum aðalfundarstörfum loknum verður sameiginleg kaffidrykkja, sýnd kvikmynd frá 40 ára afmæli Neskaupstaðar, söngur og rakin verða helstu atriði úr 10 ára sögu félagsins. Að lokum gefst mönnum kostur á að stíga nokkur dansspor. Verð miða er kr. 2.000. og er kaffið innifalið. Fjölmennið og takið þá með sem ekki fá Norðfirðing.

Frá starfsárinu.

Árshátíð félagsins var haldin
að hótél Loftleiðum 28. janúar.
Alls voru 162 við borðhaldið,
en um 20 komu á eftir.

Góukaffi var haldið í Lindarbæ
4. mars. Liðlega 100 manns mættu.
Sumarferð félagsins var farin
10. júní og var haldið á sögu-
slóðir Njálu. Liðlega 30 manns
fóru undir leiðsögn Jóns Böðvars-
sonar.

Fyrsta vetrardag var dansleikur
á Hótél Loftleiðum. 80 manns
mættu. Útbæingar, innbæingar
og melabúar mættu gjarnan taka
sér til fyrirmyndar mætingu
suðurbæinga á skemmtanir
félagsins.

Veist þú..?

- að á 10 ára ferli sínum
hefur Norðfirðingafélagið
haldið alls 52 stjórnarfundum,
9 árshátíðir, 4 aðrar sam-
komur, 3 sumarferðir og
Norðfirðingur hefur komið út
8 sinnum.

- að síðan félagið var stofnað
hefur ekki verið mynduð
ríkisstjórn í landinu án þess
að félagið gæti eignað sér
a.m.k. 1 ráðherra.

NORÐFIRÐINGUR

Útgefandi: Norðfirðingafélagið

Box 5082, Reykjavík

Ritstjóri: Garðar Sveinn Árnason